

Reglur um Menningarverðlaun Sveitarfélagsins Hornafjarðar

1. Atvinnu- og menningarmálanefnd Hornafjarðar veitir árlega viðurkenningu; Menningarverðlaun Hornafjarðar.
2. Hlutverk verðlaunanna er ætlað að vera almenn hvatning til eflingar menningar- og listastarfs í sveitarfélaginu.
3. Verðlaunin eru veitt einstaklingi, stofnun eða samtökum sem viðurkenning fyrir eftirtektarvert framtak á sviði lista og menningar á nýliðnu ári eða æviframlag.
4. Auglýsa skal eftir tillögum íbúa, frestur til að senda inn tillögur skal ekki vera skemmri en 4 vikur. Umsóknum skal skila inn í gegnum íbúagátt. Að auki hafa nefndarmenn heimild til að leggja til tilnefningar á fundi sínum.
5. Atvinnu- og menningarmálanefnd leitast við að komast að einróma niðurstöðu um veitingu tilnefninga sveitarfélagsins og Menningarverðlaunanna, að öðrum kosti stýrir formaður nefndar leynilegri atkvæðagreiðslu um tillögurnar.
6. Ákvörðun skal tekin á fundi nefndarinnar í febrúar ár hvert.
7. Á Menningarhátíð Sveitarfélagsins í mars ár hvert er greint frá tilnefningum nefndarinnar og menningarverðlaun afhent.
8. Verðlaunin eru í formi heiðursskjals frá sveitarfélaginu.

Samþykktar á fundi Atvinnu- og menningarmálanefndar 26. ágúst 2026.